

Ársskýrsla SOS Barnaporpanna á Íslandi

2024



**SOS
BARNAPORPIN**

Sem barn, þarftu á einhverjum að halda sem er ekki sama um þig - einhverjum sem stendur með þér skilyrðislaust. Þó er það þannig í dag að **eitt af hverjum tíu** börnum og ungmennum eru aðskilin frá fjölskyldum sínum, yfirgefin, vanrækt eða búa við ofbeldi. Þau alast upp án þess stuðnings sem þau þurfa til að leggja grunn að fullorðinsárunum. Þetta gerist í öllum löndum, hjá ríkum og fátækum - í öllum borgum og öllum samfélögum. Afleiðingarnar eru oft varanlegar og úr verður skaðlegur vítahringur sem endurtekur sig milli kynslóða.

Starf okkar snýst um að breyta þessu.

Tilfinningaleg

tengsl

foreldra við **börn**

geta

breytt öllu.




Efnisyfirlit

Inngangur	6
Frá framkvæmdastjóra	9
Árið í hnotskurn.....	10
Styrktarleiðir SOS.....	13
Mánaðarlegir styrkir	15
Í SOS fréttum er þetta helst	16
Kynningarverkefni.....	21
Eva Ruza í Króatíu	25
SOS neyðarvinur	26
Þróunar- og mannúðarverkefni	27
Skólamál.....	28
Fjármál og lykiltölur	30
Fjármál	31
SOS fólkið á Íslandi 2024.....	32

© SOS Barnaporpin
Hamraborg 1, 200 Kópavogi
Sími: 564-2910
Netfang: sos@sos.is

Umsjón og ritstjórn: Hans Steinar Bjarnason
Fjármálatölur: RakeL Lind Hauksdóttir
Ljósmyndir: SOS Children's Villages og SOS Barnaporpin á Íslandi
Umbrot og hönnun: Ása Thorsen

Inngangur



SOS Barnaþorpin (*SOS Children's Villages*) eru fyrst og fremst alþjóðleg barnahjálparsamtök sem veita munaðarlausum og yfirgefnum börnum staðgengil fyrir þá fjölskyldu sem þau hafa misst. SOS Barnaþorpin eru stærstu óháðu hjálparsamtök heims sem einblína á börn án foreldraumsjár og jafnframt á ósjálfbjarga barnafjölskyldur í sárafatækt. Aðaláhersla SOS Barnaþorpanna er á að börn þrífist best í fjölskylduumhverfi við ást og umhyggju foreldra eða umsjónarfólks, ásamt systkinum sínum á stað sem þau geta kallað heimili. Samtökin voru stofnuð í Austurríki í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar árið 1949. Starfsemin á Íslandi hófst árið 1989 og felur eingöngu í sér fjáröflun fyrir rekstur SOS barnaþorpa og önnur erlend verkefni auk þjónustu við styrktaraðila hér á landi.

Frá stofnun SOS Children's Villages er áætlað að starf samtakanna hafi með beinum og óbeinum hætti haft jákvæð áhrif á líf 13 milljóna manna og í raun enn fleiri ef náin skyldmennir þeirra eru talin með. Samtökin hafa með beinum hætti framfært fjórum milljónum barna frá upphafi og haft þannig einnig jákvæð áhrif á líf 9 milljóna afkomenda þeirra. Með því að stöðva hringrás aðskilnaðar hafa þessi börn alið af sér aðrar kynslóðir barna sem njóta góðs af starfi samtakanna.

Starfsemin

SOS Barnaþorpin starfa í 137 löndum og landsvæðum, óháð stjórnámálum og trúarbrögðum. Ísland er eitt af sjö aðildarlöndum sem sinnir eingöngu fjáröflun en er ekki með innanlandsverkefni. Samtökin hafa beina umsjá með um 65.000 börnum og ungmennum á heimsvísu allan sólarhringinn. Elsta og þekktasta fyrirkomulag starfseminnar er búseta í barnaþorpum þar sem börnin búa við hefðbundið fjölskyldulíf, eignast SOS móður eða föður á hlýlegu heimili og ganga í skóla.

Umönnun barna á vegum samtakanna hefur breyst undanfarin ár og fjölgar sífellt þeim börnum og ungmennum sem búa utan barnaþorpanna. Börn fara í meiri mæli aftur til kynforeldra sinna sem gátu áður ekki séð fyrir þeim en geta það nú með stuðningi og eftirliti SOS Barnaþorpanna. Önnur börn búa á fósturheimilum, ungmennaheimilum og í annarri fjölpættir umönnun. SOS Barnaþorpin reka einnig fjölda leikskóla, grunnskóla, verknámsskóla og heilsugæslustöðva auk þess að sinna almennu mannúðarstarfi, svo sem þróunar- og mannúðaraðstoð auk ýmissa umbótaverkefna, allt í þágu barna og velferðar þeirra.

Sá angi starfsemi SOS Barnaþorpanna sem vaxið hefur hvað mest undanfarna áratugi er forvarnarstarfið *fjölskylduefning* (*Family strengthening project*). Markmið fjölskylduefningar SOS er að forða börnum frá aðskilnaði við illa stadda foreldra sína með því að efla foreldrana til fjárhagslegs sjálfstæðis. SOS Barnaþorpin líta svo á að fjölskyldan sé mikilvægust og best sé fyrir börn að alast upp með kynforeldrum sínum og systkinum. Því miður eru aðstæður fjölmargra fjölskyldna þó slíkar að foreldrar neyðast til að láta frá sér börnin. Yfirvöld taka þau þá og koma fyrir á stofnunum eða þá að börnin sjálf flýja heimilisaðstæður og sjá sjálf fyrir sér á götunni, jafnvel með betli og vændi. Fjölskylduefning er svar SOS Barnaþorpanna við slíkri neyð.



Umönnun barna á vegum samtakanna hefur breyst undanfarin ár og fjölgar sífellt þeim börnum og ungmennum sem búa utan barnaþorpanna. Börn fara í meiri mæli aftur til kynforeldra sinna sem gátu áður ekki séð fyrir þeim en geta það nú með stuðningi og eftirliti SOS Barnaþorpanna.

Umfang starfsemi SOS Barnaþorpanna árið 2024

Starfseiningar	Fjöldi	Börn og ungmenni
SOS barnaþorp	553	31.100
Önnur umönnun	401	18.000
Sjálfstæð búseta undir eftirliti	510	16.200
Samtals	1.464	65.300

Menntun	Fjöldi	Nemendur
Leikskólar	300	30.300
Skólar á barna- og unglingastigi	232	174.400
Verkmenntaskólar	221	34.200
Samtals	753	1.050.300

Heilbrigðisþjónusta	Starfseiningar	Einstaklingar
Forvörn og heilsuefning	31	60.100
Heilsugæsla	39	53.000
Samtals	70	113.100

	Fjöldi verkefna	Einstaklingar
Mannúðaraðstoð	101	2.268.600
SOS fjölskylduefning	747	526.400
Samfélagsefning	263	3.651.100
Önnur verkefni	87	67.700

Samtals árið 2024	7.736.500
-------------------	-----------

SOS Barnaporpin 2024

7,7 m



Hjálparstarf SOS náði til alls **7,7 milljóna** einstaklinga árið 2024

107



Íslendingar styrkja börn í **107** löndum

137



SOS Barnaporpin starfa í **137** löndum og landsvæðum

2,27 m



Mannúðaraðstoð SOS náði til **2,27 milljóna** manna árið 2024

65.300



börn og ungmenni eru á framfæri SOS

855 kr



krónur af hverju **1.000** króna framlagi renna í sjálft hjálparstarfið

526.400



börn, ungmenni og foreldrar þeirra í sárafatækt fá betra líf í fjölskylduefingu SOS.

22.445



Íslendingar og 542 fyrirtæki styrktu SOS á árinu 2024

10.288



Íslendingar og fyrirtæki styrktu starf SOS Barnaporpanna með mánaðarlegu framlagi

9.609



styrktarbörn og barnaporp Íslendinga

Frá framkvæmdastjóra



Ragnar Schram
Framkvæmdastjóri SOS Barnaporpanna á Íslandi

Árið 2024 var gott ár í rekstri SOS Barnaporpanna á Íslandi. Tekjur samtakanna voru 19% hærri en árið á undan, sem þá var metár. Þessi mikla hækkun skýrist að mestu leiti af erfðagjöf Baldvins heitins Leifssonar sem ánafnaði SOS Barnaporpunum nánast allar eigur sínar.

Góð afkoma ársins er þó ekki eingöngu tilkomin vegna einnar erfðagjafar. Hækkuðu tekjur á milli ára jafnvel þó erfðagjöf Baldvins sé ekki tekin með. Hækkuðu t.a.m. framlög SOS foreldra þó þeim hafi fækkað um 77 frá fyrra ári. Alls gáfu 22.445 einstaklingar og 542 fyrirtæki framlög til samtakanna á árinu 2024. Eru það þessir einstaklingar sem með óeigingjörnum framlögum sínum eru burðarásinn í starfi SOS Barnaporpanna á Íslandi.

Þessi mikli stuðningur er engin nýlunda. Fjöldi Íslendinga hefur stutt dyggilega við hjálparstarf SOS frá stofnun samtakanna hér á landi 1989 og staðið með munaðarlausum og yfirgefnum börnum á erfiðum tímum. Án þessara dyggu styrktaraðila gætum við ekki liðsinnt þeim mikla fjölda barna sem fær stuðning frá Íslandi á ári hverju.

Um áramótin voru mánaðarlegir styrktaraðilar SOS 10.288 en voru 10.284 árið áður. Njóta þeir nú, líkt og í fyrra, skattafrádráttar vegna framlaga sinna til SOS.

Á árinu bættist við nýr starfsmaður í fjáröflun. Hann hætti nokkrum mánuðum síðar. Nýr starfsmaður hefur verið ráðinn og hefur störf í haust. Þá hætti annar tveggja þjónustufulltrúa eftir níu ára störf og fengum við nýjan í hans stað. Engar aðrar breytingar urðu á annars öflugum og samheldnum hópi starfsmanna sem þriðja árið í röð gáfu vinnustað sínu einkunn sem skilar honum í hóp þeirra 15 litlu vinnustaða sem best er að vinna hjá samkvæmt könnun VR Fyrirtæki ársins 2024.

Í upphafi 2025 tók gildi endurnýjaður rammasamningur SOS Barnaporpanna við Utanríkisráðuneytið. Samningurinn gerir okkur kleift að fjármagna þróunarverkefni líkt og undanfarin ár en sú breyting varð á um áramótin að nú fjármagna SOS á Íslandi einnig mannúðarverkefni (neyðaraðstoð) með stuðningi íslenskra stjórnvalda.

Sem fyrr nýttum við okkur hina ýmsu miðla til að kynna starfsemi samtakanna fyrir almenningi. Samfélagsmiðlar gegna þar stóru hlutverki en einnig framleiddum við sjónvarpsþátt með RUV þar sem við fylgdum velgjörðasendiherra okkar, Evu Ruzu, og systur hennar til Króatíu þar sem þær heimsóttu m.a. SOS börn sín.

Enn eitt árið sýndu styrktaraðilar SOS Barnaporpanna að hægt er að styðja við börn í neyð, bæta líf þeirra og gera heiminn ögn betri. Ekkert af þessu hefði þó verið mögulegt án þeirra.

Ég hvet þig til að kynna þér hvernig SOS Barnaporpin starfa og nýta þá fjármuni sem þeim er treyst fyrir. Þessi ársskýrsla er fyrir þig!

Takk fyrir að vera með okkur í þessu mikilvæga verkefni!

“

Þessi mikla hækkun skýrist að mestu leiti af erfðagjöf Baldvins heitins Leifssonar sem ánafnaði SOS Barnaporpunum nánast allar eigur sínar. Góð afkoma ársins er þó ekki eingöngu tilkomin vegna einnar erfðagjafar. Hækkuðu tekjur á milli ára jafnvel þó erfðagjöf Baldvins sé ekki tekin með.



855 kr
af hverjum
1.000 kr
runnu í sjálft
hjálpstarfið

884 m



Heildarframlög
styrktaraðila SOS
2024

Árið í hnotskurn

Á árinu 2024 styrktu 22.445 einstaklingar og 542 lögaðilar SOS Barnaþorpin á Íslandi, ýmist með mánaðarlegum framlögum, stökum eða bæði. Framlög einstaklinga og lögaðila námu 793 milljónum kr. á árinu en voru 625 árið 2023. Opinber framlög lækkuðu milli ára og námu 90,8 milljónum kr., samanborið við 97,4 milljónir kr. árið 2023. Þannig námu heildarframlög styrktaraðila 884 milljónum kr. á árinu 2024 og hækkuðu þau um 162 milljónir kr. milli ára.

Þrátt fyrir að framlög einstaklinga og lögaðila hafi hækkað um 168 milljónir kr. milli ára nam hækkun heildartekna samtakanna 152 milljónum og voru 952 milljónir kr. árið 2024. Skýrist það þannig að opinber framlög lækkuðu um 7 milljónir milli ára, auk þess sem liðurinn fjármagnstekjur og gengishagnaður/tap lækkaði um 10 milljónir á milli ára.

Frá stofnun samtakanna hér á landi hefur almenningur stutt dyggilega við starfið og var þar engin undantekning á árinu 2024. Af þeim 884 milljónum sem söfnuðust frá styrktaraðilum kom 88% styrkja frá almenningi eða rúmar 782 milljónir kr. Stærsti hluti af framlögum til SOS á Íslandi kemur frá SOS-foreldrum sem við sendum til barnaþorpa í 107 löndum.

Stór erfðagjöf barst samtökunum á árinu og sem fyrr voru stök framlög eins og valkröfur og neyðarsafnanir stór hluti heildarframlaga. Börn styrktu SOS með ágóða af skemmtilega fjölbreyttum fjáröflunarleiðum sem fyrr og er alltaf ánægjulegt að verða vitni af því hvað íslenskum börnum er umhugað um jafnaldra sína sem búa við aðrar aðstæður annarsstaðar í heiminum.

Af heildartekjum ársins var hlutfall skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar 16% sem er fyrir neðan viðmið okkar um 20% þak á rekstrarkostnaði. Þess ber þó að geta að inni í þeirri tölu er launakostnaður vegna beinnar umsýslu starfsfólks hér á landi við erlend- og innlend verkefni. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir launakostnaði erlendra- og innlendra verkefna nemur kostnaðarhlutfallið 14,5%. Þetta þýðir að á árinu 2024 runnu 855 krónur af hverju eitt þúsund króna framlagi í sjálft hjálpstarfið.



Styrktarleiðir SOS

SOS-foreldrar (stakra barna)

Til eru ýmsar leiðir til að styðja við starf SOS Barnaþorpanna en sú þekktasta er án efa styrktarforeldraleiðin *SOS-foreldri*. Það er sem fyrr langfjölmennasti hópurinn sem telst til mánaðarlegra styrktaraðila, þ.e. þeirra sem hafa skuldbundið sig til mánaðarlegra greiðslna. Þeir hafa um árabíl greitt mánaðarlega upphæð, 3.900 krónur að lágmarki, sem gerir samtökunum kleift að veita umkomulausu barni fjölskyldu á góðu heimili.

Þessi styrktarupphæð, 3.900 krónur á mánuði, hefur staðið í stað frá 2018 en undanfarin misseri hefur SOS-foreldrum verið boðið að hækka upphæðina og það hafa margir samþykkt á meðan aðrir vilja halda henni óbreyttri. Ákveðið var síðla árs 2024 að hækka lágmarksupphæðina í 4.500 krónur og tók sú hækkun gildi um áramótin.

SOS-foreldrar stakra barna fá bréf tvisvar á ári frá barnaþorpinu sem styrktarbarnið býr í. Í öðru bréfinu er mynd af barninu og persónulegar upplýsingar um það en í hinu bréfinu eru almennar myndir og fréttir af lífinu í barnþorpinu. Við viljum vekja athygli á því að í sumum tilfellum eru persónulegar upplýsingar um börnin nokkuð takmarkaðar og er það þróun sem átt hefur sér stað undanfarin ár. SOS Barnaþorpin leggja mikla áherslu á réttindi barna og persónuvernd. Við getum ekki gefið SOS foreldrum upp allar upplýsingar um börnin og biðjum SOS-foreldra að sýna því skilning.

SOS-foreldrar (allra barna)

Sumir vilja styrkja barnaþorpin án þess að tengjast börnunum með sama hætti og hinir hefðbundnu SOS-foreldrar, þ.e. að fá persónulegar upplýsingar um börnin og myndir af þeim. Fyrir þá sem það kjósa er hægt að gerast *SOS-foreldri allra barna*, þ.e. allra barnanna í einu tilteknu barnaþorpi. Þessi styrktarleið hét áður *SOS-barnaþorpsvinur* en til einföldunar var hún felld undir nafn hinnar kunnna styrktarleiðar *SOS-foreldri*. SOS-foreldrar allra barna greiða 4.500 krónur á mánuði og er framlagi þeirra varið í rekstur barnaþorpsins svo tryggja megi öryggi og velferð þeirra barna sem þar búa. *SOS-foreldrar allra barna* fá tvisvar á ári senda skýrslu um lífið í barnaþorpinu og helstu viðburði sem þar hafa átt sér stað.

Í hvað fer framlag SOS-foreldra?

Framlag SOS-foreldra fer í framfærslu og velferð styrktarbarnsins. SOS-foreldrar geta einnig gefið barninu peningagjafir inn á framtíðarreikning sem barnið fær þegar það yfirgefur þorpið og fer að standa á eigin fótum. Sú fjárhæð rennur óskert til barnsins. Algengt er að slíkar gjafir nýtist í áframhaldandi nám, útborgun í íbúð eða kostnað við að koma á lagginnar atvinnurekstri.

Frá heimsókn Rúriks Gíslasonar, velgjörðasendiherra SOS, í SOS barnaþorpið í Byumba í Rúanda.

Fjölskylduvinir

SOS-fjölskylduvinir styrkja fjölskyldueflingu SOS. Tilgangurinn með fjölskyldueflingu er að koma í veg fyrir að börn verði vanrækt og yfirgefin. Í fjölskyldueflingu SOS tökum við fyrstu skrefin með fjölskyldum út úr sárafátækt svo þær geti staðið á eigin fótum og séð fyrir börnum sínum.

Neyðarvinir SOS

SOS Barnaþorpin starfa á vettvangi hamfara- og átakasvæða víðsvegar um heiminn þar sem börn eiga um sárt að binda. Þau hafa þurft að flýja heimili sín og eða orðið viðskila við foreldra sína. SOS Barnaþorpin á Íslandi leggja til fjármagn í neyðaraðgerðir samtakanna í **Palestínu, Súdan, Úkraínu og Líbanon** með stuðningi almennings, SOS neyðarvina. Við hjá SOS Barnaþorpunum á Íslandi höfum undanfarin ár gefið almenningi kost á að styrkja afmarkaðar neyðaraðgerðir í ákveðnum löndum þegar upp kemur neyð á starfssvæði samtakanna. Nú er svo komið að neyðin í heiminum hefur sjaldan verið meiri og útbreiddari og neyðaraðgerðum SOS Barnaþorpanna fer fjölgandi. Útbreiðsla samtakanna er mikil og áunnist hefur áratugalöng reynsla af mannúðaraðstoð innan SOS Barnaþorpanna. Í ljósi þess var ákveðið að bjóða Íslendingum upp á eina sameiginlega styrktarleið fyrir þær neyðaraðgerðir SOS sem við tökum þátt í að fjármagna. Til þess að leggja þessum aðgerðum samtakanna lið bendum við fólki á að gerast SOS neyðarvinur. Í boði er að gefa stakt framlag eða að gerast mánaðarlegur **SOS neyðarvinur**. Samhliða þessum valmöguleika gefst almenningi einnig kostur á styrkja beint SOS barnaþorpið í Rafah á Gaza með því að gerast *SOS-foreldri barna á Gaza*.



Lífið í barnaþorpi

Börnin sem búa í SOS barnaþorpunum stunda nám og fá öllum grunnþörfum sínum mætt. Mikil áhersla er lögð á að heimilin séu laus við allan stofnanabrag en hvert heimili er athvarf einnar fjölskyldu, rétt eins og flest mannleg samfélög vilja hafa hlutina sem heimilislegasta. Í hverri SOS fjölskyldu eru oftast sex til tíu börn á mismunandi aldri og af báðum kynjum. Öll börnin eiga því nokkur systkini. Höfuð fjölskyldunnar er SOS-móðirin eða -faðirinn sem hefur hlotið menntun í að sinna börnum sem mörg hver hafa upplifað miklar hörmungar. SOS-mamman/pabbinn sér um að börnin búi við öryggi og umhyggju. Börnin sækja skóla í nágrenninu eða skóla sem samtökin hafa reist og eru viðurkenndir af yfirvöldum hvers lands.

SOS-fjölskyldur utan barnaþorpa


Undanfarin ár hefur fjölbreytni aukist í umönnun barna hjá samtökunum og þeim fjölgar SOS-fjölskyldunum sem búa utan barnaþorpanna. Yfirvöld víða um heim eru í auknum mæli að afstofnanavæða umönnun munaðarlausra barna, þ.e. leggja niður ýmisskonar uppeldisstofnanir, og jafnvel þó SOS Barnaþorpin séu andstæðan við *stofnun* fellur skilgreining á starfsemi samtakanna undir starfsemi stofnana í mörgum löndum víða um heim. Það hefur alltaf verið einkenni SOS Barnaþorpanna að sjá fylgdarlausum börnum fyrir persónulegri og fjölskylduvænni umönnun. Þær breytingar sem samtökin eru að ganga í gegnum fela í sér að fjölskyldur flytjast m.a. inn í almenn íbúðahverfi en heyra þó áfram undir starfseiningar SOS Barnaþorpanna sem sjá um rekstur hverrar fjölskyldu.

Mánaðarlegir styrkir

Stuðningur Íslendinga við umkomulaus og bágstödd börn í gegnum SOS Barnaþorpin er eftirtektarverður í aðildarlöndum SOS og fyllir það okkur stolti og þakklæti. Þó nokkuð er um að sömu einstaklingarnir styrki fleiri en eitt barn eða/og bæti jafnvel við sig fleiri styrktarleiðum. Áttunda árið í röð eru mánaðarlegir styrkir fleiri en tíu þúsund en þeim fækkaði lítillega á milli ára. Styrktarbörnum Íslendinga fækkaði þó um 77 og SOS-fjölskylduvinum fækkaði um 33. Neyðarvinir voru 60 í árslok en það er ný sam-einuð styrktarleið fyrir þær neyðaraðgerðir samtakanna sem SOS Barnaþorpin á Íslandi senda fjármagn til. Sem fyrr skipti desembermánuður sköpum í fjáröflun en í þeim mánuði bættust um 120 nýir SOS-foreldrar í hóp styrktaraðila. Eins og fyrr segir er starfið að mestu leyti fjármagnað af einstaklingum og það er vegna þeirra sem samtökin geta unnið þetta starf.

Mánaðarlegir styrkir á Íslandi 2024		
Mánaðarlegir styrkir	Fjöldi	Breyting
SOS-foreldrar	9.609	-77
Fjölskylduvinir	934	-33
Neyðarvinir	60	60
Mánaðarlegir alls	10.603	-50

Fram til ársins 2019 fjölgaði mánaðarlegum styrktaraðilum mikið en frá þeim tíma hefur fjöldi þeirra nokkurn veginn staðið í stað. Áhrif heimsfaraldursins Covid-19, stýrivaxtahækkunar og verðbólga hafa gert síðustu ár krefjandi fyrir okkur öll. Segja má að nokkur óvissa hafi ríkt í samfélaginu síðustu misseri sem hefur leitt til þess að einhverjir styrktaraðilar hafi þurft frá að hverfa en að sama skapi hafa nýir bæst hópinn.



Í SOS fréttum er þetta helst

Zemzem var aðeins 16 ára þegar hún giftist og er í dag fjögurra barna móðir í bænum Iteya í Eþíópíu. Fjölskylda hennar er ein af þeim fjölmörgu sem útskrifuðust úr nýloknu verkefni okkar þar í landi. Hún rekur litla sjoppu við heimili sitt og ræktar landskika skammt frá.

Zemzem í sjoppunni með yngstu dóttur sinni.

Ný fjölskyldueflingu í Eþíópíu

Undirbúningur hófst að nýrri fjölskyldueflingu í Eþíópíu og er það verkefni komið vel á veg. Nýja verkefnissvæðið er í Arba Minch í sunnanverðri Eþíópíu og er til þriggja ára. Þar munum við styðja við 637 börn og 224 foreldra þeirra eða forráðafólk sem er að nær öllu leyti einstæðar mæður. Fjölskylduefling SOS hefur gert fólki í sárafatækt kleift að spara pening og leggja til hliðar. Samstarf er komið á við lánastofnanir þar sem fjölskyldurnar geta tekið lán á lágum vöxtum til að koma á fót atvinnurekstri eða annarri tekjuöflun fyrir heimilið. Fjölskyldur hafa samhliða því hlotið þjálfun í gerð fjárhagsáætlana. Ofbeldi gegn börnum er einn af þeim þáttum sem tekið er á í verkefninu. Fjölskyldueflingin í Arba Minch mun líka hafa óbein áhrif á 11 þúsund íbúa á svæðinu.

Breytingar á stjórn SOS

Stjórn SOS Barnaþorpanna á Íslandi kom saman til aukaaðalfundar fimmtudaginn 8. febrúar. Tilefnið var breyting á samþykktum samtakanna þess efnis að stjórn skuli vera með varamann til samræmis við lög um félög til almannaheilla sem starfa yfir landamæri. Valdís Þóra Gunnarsdóttir var kjörin varamaður stjórnar fram að næsta aðalfundi.

Vel sóttur aðalfundur var haldinn mánudaginn 13. maí og urðu þá breytingar á stjórn samtakanna. Ingibjörg E. Garðarsdóttir og Anna Bjarney Sigurðardóttir voru kjörnar í stjórnina til ársins 2027 og úr henni gengu María F. Rúriksdóttir og Hildur Hörn Daðadóttir. Varamaður var kjörin Svala Ísfeld Ólafsdóttir til ársins 2025 í stað Valdísar Þóru sem hafði gegnt stöðunni tímabundið. SOS Barnaþorpin á Íslandi þakka Maríu, Hildi og Valdísi fyrir óeigingjörn og vel unnin störf fyrir samtökin.



Bersýnilegur árangur af íslensku verkefni fyrir þolendur í Tógó

Í febrúar sögðum við frá því að bersýnilegur árangur hefur náðst í íslensku verkefni gegn kynferðislegri misnotkun á börnum í Tógó. Verkefnið hafði þá náð til 257 stúlkna sem eru þolendur kynferðisbrota, skilað fjölgun á slíkum málum á borði lögreglu og eftir fræðslu til kennara, nemenda og almennings. Árið 2019 gerðu SOS Barnaporpin á Íslandi samning við utanríkisráðuneytið um fjármögnun þróunarverkefnis í Ogou-héraði í Tógó. Verkefnið sem framlengt var út árið 2025 miðar að því að styðja barnafjölskyldur og samfélagið í forvörnum gegn kynferðislegri misneytingu á börnum, einkum stúlkum. Verkefnið felur í sér fyrirbyggjandi aðgerðir, stuðning og umönnun barna og stúlkna sem hafa orðið fyrir slíku ofbeldi með áherslu á að halda ungum stúlkum í skóla.

Stærsta erfðagjöf í sögu SOS Barnaporpanna

SOS Barnaporpin á Íslandi fengu stærstu erfðagjöf í sögu samtakanna eftir að Landsréttur úrskurðaði erfðaskrá Baldvins Leifssonar vél-, renni- og bátasmiðs, gilda og SOS Barnaporpin þar með aðalerfingja hans. Þetta var endanlega staðfest af Hæstarétti þegar beiðni um kæruleyfi var hafnað.

Staðfesti Landsréttur þar með úrskurð Héraðsdóms Reykjaness, þess efnis að SOS Barnaporpin væru lögmætur bréferfingi Baldvins sem lést í maí 2022, áttæður að aldri. Baldvin var ókvæntur og barnlaus. Eignir Baldvins námu 138 milljónum króna en eftir að kostnaður félagsins við dómsmál, sem nam 5,5 milljónum, og skipti dánarbús, sem nam 4,6 milljónum var fráðreginn reyndist arfupphæðin til samtakanna 128 milljónir króna.



Eftir að Sýslumaður hafnaði beiðni ættingja um einkaskipti krafðist ættinginn þess að erfðaskráin yrði úrskurðuð ógild og hann sjálfur myndi erfa eignir Baldvins. Þeirri kröfu ættingjans var hafnað á öllum dómstigum, hjá Héraðsdómi, Landsrétti og Hæstarétti eins og áður segir.

SOS Barnaporpin eru óendanlega þakklát Baldvini fyrir að hafa ráðstafað eigum sínum í þágu bágstaddra barna, enda munu fjölmörg börn njóta góðs af og öðlast betra líf fyrir vikið. SOS Barnaporpin eru á almannahellaskrá hjá Skattinum og eru því undanþegin erfðafjárskatti.

Nú þegar er búið að ráðstafa um 23 milljónum af erfðafénu til háskólamenntunar ungmenna í Afríku, nánar tiltekið í Rúanda. Sú ráðstöfun er komin til þar sem Baldvin heitinn kom við á skrifstofu SOS Barnaporpanna áður en hann gerði erfðaskrána og ræddi hugmyndir sínar um að stofna sjóð til að styðja við háskólanám munaðarlausra ungmenna.

Tveir Íslendingar mega styrkja sama barnið

Vegna aukinnar þarfar á stuðningi við börn í SOS barnaporpum hefur sú breyting nú tekið gildi að tveir Íslendingar mega styrkja sama barnið. Að meðaltali eru um fimm til sex SOS-foreldrar um hvert styrktarbarn og áður var fjöldinn takmarkaður við eitt SOS-foreldri frá Íslandi á hvert barn. SOS Barnaporpin vanda til verka og leggja áherslu á að börnin fái góða og varanlega umönnun. Á það við um húsnæði, menntun og annað í lífi barnanna.

Yfir 22 þúsund Íslendingar fengu endurgreitt frá Skattinum vegna framlaga til SOS

22.399 Íslendingar sem styrktu hjálparstarf SOS Barnaporpanna á árinu fá endurgreitt frá Skattinum á árinu 2025. Til þess að einstaklingur fái frádrátt þurfa gjafir/framlög hans á árinu að vera a.m.k. 10.000 krónur. Hámarks frádráttur er 350.000 krónur. Skattstofn þessara einstaklinga lækkar fyrir vikið um samtals 623 milljónir króna og eiga því margir von á endurgreiðslu frá Skattinum vegna framlaga til SOS, eða að meðaltali um 28 þúsund krónur á mann.

Ef við tökum dæmi af styrktaraðila sem styrkti SOS Barnaporpin um 4.500 á mánuði allt síðasta ár mun skattstofn hans lækka um 54.000 kr. Ef viðkomandi er launþegi á meðallaunum þýðir þetta að skattgreiðslur hans fyrir 2024 lækka um ca. 21.500 kr. og ef hann er ekki í skuld við Skattinn mun hann fá þá upphæð endurgreidda frá Skattinum. Því hærri sem styrkurinn til SOS var á árinu, því hærri er endurgreiðslan.

Kynningarverkefni

Gerð sjónvarpsinnslaga og -þátta um starf SOS Barnaþorpanna hefur sannað sig sem ein árangursríkasta leiðin í kynningarstarfi samtakanna. Þetta eflir vitundarvakningu og er örvandi fyrir fjáröflun samtakanna. Þetta sýna tölur skýrt í tengslum við sýningu á slíkum þáttum því styrktar-skráningum fjölgar. Við höfum ákveðið að einblína ekki á hefðbundna söfnunarpætti í sjónvarpi heldur leggjum við áherslu á að segja heillandi sögur úr starfinu, sögur af fólki. Við gerð svona þátta er lögð áhersla á að sögupersónan hafi tengsl við SOS Barnaþorpin, að sagan sé sterk og innihaldsrík og gefi raunsanna mynd af þeim árangri sem næst í starfi samtakanna.

Á árinu var skipulögð heimsókn konu til Íslands sem ólst upp í SOS barnaþorpi á Indlandi fyrir tugum ára og naut stuðnings styrktarforeldris á Íslandi. Einstakt vinasamband myndaðist milli þessarra tveggja einstaklinga og var framleitt ítarlegt innslag um endurfundi þeirra á Íslandi í sjónvarpsþættinum Landanum á RÚV í lok september. Ráðist var í þetta verkefni á þeim forsendum að framleitt yrði innslag um heimsóknina í Landanum. SOS Barnaþorpin greiddu ferðakostnað og uppihald konunnar, eiginmanns hennar og fjögurra ára sonar þeirra. Þegar fyrirtækjastyrkir hafa verið dregnir frá stóð kostnaður SOS Barnaþorpanna við verkefnið í rúmlega 600 þúsund krónum. Það er svo vægt sé til orða tekið verulega lág upphæð fyrir 12 mínútna kynningu á samtökunum á besta sjónvarpstíma í Ríkissjónvarpinu.

„Þetta var mjög tilfinningaþrungin stund fyrir mig“

Ímyndaðu þér hamingjutilfinninguna sem færi um þig ef þú kæmist að raun um að þú hefðir ekki aðeins breytt framtíð eins barns til hins betra heldur fjölskyldu barnsins líka. Ímyndaðu þér svo hvernig væri að hitta „barnið“ 35 árum síðar. Ingibjörg Steingrimsdóttir í Kópavogi þekkir þessar tilfinningar því hún og Sonam Gangsang áttu hjartnæma endurfundi í lok ágúst.

Sonam ólst að stórum hluta upp í SOS barnaþorpi fyrir börn landflótta Tíbetbúa á Indlandi. Ingibjörg gerðist SOS-foreldri hinnar sex ára Sonam árið 1989 og styrkti stúlkuna síðar aukalega til framhaldsnáms. Sonam hefur fyrir vikið náð langt í lífinu og starfar í menntamálaráðuneyti tíbetsku ríkisstjórnarinnar í útlegð í Dharamshala á Indlandi.

“

*Þetta var dásamleg heimsókn.
Svona tækifæri gefst mér bara einu
sinni á ævinni.*



Þar er hún samhæfingarstjóri lestrarkennslu yngstu barnanna í 45 skólum fyrir tibetsk börn á Indlandi og í Nepal. Það sem hófst með litlum stuðningi Ingibjargar hefur ekki bara skilað Sonam alla þessa leið heldur gat Sonam líka aðstoðað systur sínar til náms og veitt fátækum foreldrum sínum betra líf.

Til Íslands í sinni fyrstu utanlandsferð

Eftir reglulegar bréfaskriftir milli þeirra á árum áður náði Ingibjörg að heimsækja Sonam árið 2008 og nú 16 árum síðar endurgalt Sonam þá heimsókn þegar hún kom til Íslands í sinni fyrstu utanlandsferð. „Þetta var dásamleg heimsókn. Svona tækifæri gefst mér bara einu sinni á ævinni,” segir Sonam sem fannst sérstaklega merkilegt að koma inn á heimili Ingibjargar eftir allan þennan tíma.

„Ég var mjög spennt fyrir því að hitta Ingibjörgu en um leið dálítið taugaóstyrk því við vorum að hittast í fyrsta sinn í mjög langan tíma. Þetta var mjög tilfinningaþrungin stund fyrir mig. Það gladdi mig að sjá hana svona ánægð. Ég var líka svo ánægð með að sonur hennar og barnabörn voru hjá henni þennan dag,” segir Sonam sem fékk meira út úr heimsókninni en hún þorði að vona.

Endurvakti líka gömul kynni við barnabarn Ingibjargar

Sonam vissi ekki að hún væri um það bil að endurvekja gömul kynni við Rakel Tönju, barnabarn Ingibjargar, en þær skrifuðust stuttlega á þegar þær voru að komast á unglingsaldurinn fyrir rúmum 25 árum. Svo fór að fjölskyldur Rakelar og Sonam náðu að verja dýrmætum tíma saman meðan á Íslandsdvölinni stóð og úr varð nánari vinátta sem þær ætla að rækta.

„Aldrei trúað að við myndum nokkurn tímann hittast”

Rakel Tanja er líka himinlifandi með að fá Sonam aftur inn í líf sitt. „Sniglapóstur fyrir 25 árum hægði á okkar samskiptum. Ég hafði aldrei trúað að við myndum nokkurn tímann hittast, og það hér á Íslandi. Það er draumur okkar að fara út og heimsækja barnabörpið hennar og mín SOS styrktarbörn. Ég styrki líka líka tibetsk börn á Indlandi,” sagði Rakel Tanja á [viðburði með SOS foreldrum á Íslandi](#) í tilefni af heimsókn Sonam.



“

Ég hafði aldrei trúað að við myndum nokkurn tímann hittast, og það hér á Íslandi.

Grét af þakklæti – „Mér leið eins og stjörnu”

Tugir SOS foreldra á Íslandi sóttu viðburðinn og það hreyfði mjög svo við Sonam að hitta allt þetta fólk sem hafði áhuga á hennar sögu. Mjög svo reyndar að hún brast í grát þegar hún þakkaði fyrir sig.

„Það gladdi mig svo að sjá viðbrögðin, þetta varð eitthvað svo yfirþyrmandi upplifun. Mér leið eins og stjörnu þennan dag, margir komu að máli við mig og tóku myndir af sér með mér. Þetta var svo björt og hamingjurík stund fyrir mig,” segir Sonam sem vonast til að heimsókn sín til Íslands verði til þess að fleiri Íslendingar gerist SOS foreldrar.

Glögggt er gests augað

Það er áhugavert að heyra að lokum hvað kom Sonam mest á óvart við Ísland. „Það eru öll þessi opnu svæði í borginni þar sem hægt er að vera með börn, allar stóru sundlaugarnar með heita vatninu og að geta farið í ísbúð þó það sé ekki hlýtt úti. Þetta er eitthvað sem ég sá hvergi á internetinu áður en ég kom. Það var líka svo hlýlegt viðmót hjá öllum sem við mættum úti á götu. Ég tengi það á ákveðinn hátt við heimsókn mína í leikskólann Álfaheiði því börnunum eru kennd góð gildi þar. Ísland er frábær staður fyrir börn til að alast upp,” sagði Sonam að lokum.

Sjá umfjöllun í Landanum: [Kona í Kópavogi breytti lífi heillar fjölskyldu á Indlandi \(Landinn\)](#)



Eva Ruza í Króatíu

Skemmtikrafturinn og fjölmiðlakonan Eva Ruza hefur einnig einstaka sögu að segja af sér og fjölskyldu sinni sem sýnir hjartnæm tengsl við samtökin. Eva, systur hennar og foreldrar hafa öll styrkt börn í sama barnaþorpinu í Króatíu, alls fjögur börn. Faðir þeirra er Króati sem flutti til Íslands fyrir hálfri öld og því á fjölskyldan sterkar rætur í Króatíu.

Í samvinnu við SOS Barnaþorpin í Króatíu var undirbúin heimsókn þangað í september 2023 með Evu og systur hennar til að heimsækja styrktarbörn þeirra. SOS Barnaþorpin gerðu samning við RÚV um framleiðslu sjónvarpsþáttar sem tekinn var upp í Króatíu í september og sýndur á RÚV um páska-helgina 2024. RÚV greiddi stærstan hluta framleiðslukostnaðar þáttarins, þ.m.t. laun kvikmynd-gerðarmanns sem sá um tækur og leikstjórn, auk allrar eftirvinnslu á þættinum.

Árangur af þessu verkefni varð strax sýnilegur meðan á tökum stóð og má því þakka umfjöllun Evu og systra hennar á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum. 73 nýir SOS-foreldrar skráðu sig í september og voru það um 40 fleiri en mánuðina á undan og eftir, ágúst og október. Umfjöllunin var einnig örvandi fyrir aðrar styrktarleiðir og þá eru óupptalin þau áhrif sem sú umfjöllun hafði á vitundarvakningu um samtökin á Íslandi fyrir komandi mánuði, þ.m.t. hinn mikilvæga fjáröflunarmánuð desember.

Sýning þáttarins á RÚV í mars 2024 skilaði svo enn meiri stuðningi. Þátturinn var frumsýndur á mið-vikudagskvöldinu 27. mars í dymbilvikunni þegar páskafrí flestra hófst. Frá miðvikudagskvöldinu og yfir páskahelgina bárust samtals 38 nýskráningar SOS foreldra auk annarra styrkja. Þá eru ómæld þau áhrif sem sýning þáttarins hafði á vitundarvakningu um SOS Barnaþorpin. Eva Ruza er einn af fjórum velgjörðasendiherrum SOS Barnaþorpanna á Íslandi.



SOS neyðarvinur

SOS Barnaþorpin á Íslandi reyna eftir fremsta megni að senda fjármagn til neyðaraðgerða þegar eftir því er óskað af aðildarlandi SOS. Við höfum undandarin ár gefið almenningi kost á að styrkja afmarkaðar neyðaraðgerðir í ákveðnum löndum þegar upp kemur neyð á starfssvæði samtakanna. Nú er svo komið að neyðin í heiminum hefur sjaldan verið meiri og útbreiddari og neyðaraðgerðum SOS Barnaþorpanna fer fjölgandi. Útbreiðsla samtakanna er mikil og áunnist hefur áratugalöng reynsla af mannúðaraðstoð innan SOS Barnaþorpanna.

Við ákváðum því að best og einfaldast væri að bjóða upp á eina sameiginlega styrktarleið fyrir neyðaraðgerðir sem ber titilinn SOS neyðarvinur. SOS Neyðarvinir styrkja neyðaraðgerðir SOS fyrir börn og fjölskyldur þeirra í stríði og á öðrum hamfarasvæðum. Neyðaraðgerðir sem SOS á Íslandi tekur nú þátt í að fjármagna eru í Palestínu, Líbanon Úkraínu og Súdan. SOS neyðarvinum gefst þó áfram kostur á að velja afmarkaðar neyðaraðgerðir til að styrkja og þarf þá að tiltaka þá ósk sérstaklega. Að öðru leyti er framlögum SOS-neyðarvina á Íslandi deilt niður á þær neyðaraðgerðir sem eru í virkri fjármögnun hverju sinni.

Svona hjálpum við

Í neyðaraðgerðum SOS hjálpum við fjölskyldum sem orðið hafa viðskila að sameinast á ný og tökum að okkur börn sem misst hafa foreldra sína. Við veitum börnum áfallahjálp og hlúum að geðheilsu þeirra eftir þær miklu hörmungar sem þau hafa upplifað. Þessi þáttur er ekki alltaf í forgangi á neyðar- og hamfarasvæðum en við leggjum mikla árherslu á andlega heilsu barna, því við vitum hve miklu máli hún skiptir fyrir framtíð þeirra. Við dreifum einnig matvælum, vatni og öðrum nauðsynjum til fólks á svæðinu í samstarfi við önnur virt, sjálfstæð og vottuð hjálparsamtök.

Þróunar- og mannúðarverkefni

Fagmennska í neyðaraðgerðum skiptir öllu máli og lúta SOS Barnaþorpin ströngu eftirliti alþjóðasamtaka SOS Children's Villages sem hlotið hafa hina alþjóðlegu CHS vottun sem neyðarhjálparsamtök með til-heyrandi ströngum verkferlum og eftirliti. SOS Barnaþorpin eru í grunninn ekki neyðarhjálparsamtök en ítrekað verða hamfarir af ýmsu tagi nálægt starfsstöðvum SOS, enda útbreiðsla samtakanna mjög mikil. Með áratuga reynslu og dygga styrktaraðila kemur því ekki annað til greina en að veita neyðaraðstoð í slíkum tilvikum. Heildarframlög SOS á Íslandi til slíkra verkefna á árinu voru um **16 milljónir króna** en þess til viðbótar lofaði SOS á Íslandi að senda 15 milljónir til neyðaraðgerða í Líbanon og Sýrlandi en þeir fjármunir koma til greiðslu árið 2025.

Meðal neyðarverkefna í fjármögnun 2024

- Neyðaraðstoð á Gaza í Palestínu
- Neyðaraðstoð í Súdan

SOS Barnaþorpin á Íslandi fjármagna einnig langtímaverkefni í formi umbóta- og þróunarstarfs víða um heim, öll í þágu barna og ungmenna. Eftirtöld verkefni voru í fjármögnun á árinu 2024.

- Fjölskylduefning í Epíopíu, Rúanda og Malaví.
- Verkefni gegn kynferðislegri misneytingu á börnum í Tógó
- Atvinnuefning ungmenna í Sómalíu og Sómalílandi

Einnig voru sendir fjármunir út vegna smærri verkefna í þágu barna og ungmenna í Ungverjalandi, Malaví og Epíopíu.



Álfaheiði er einn af sólblómaleikskólum SOS Barnaþorpanna. Krakkarnir í leikskólanum koma á hverju ári með framlag vegna styrktarbarns síns.

Skólamál



Hjördis Rós Jónsdóttir
Fræðslufulltrúi SOS
Barnaþorpanna á Íslandi

Sólblómaleikskólar

Sólblómaleikskólar SOS Barnaþorpanna eru tæplega 20 talsins. Um er að ræða samstarfsverkefni SOS Barnaþorpanna og leikskóla á landinu þar sem við lærum um líf barna víðs vegar um heiminn, um réttindi barna og hvernig við getum hjálpast að við að gera heiminn að betri stað fyrir börn. Margir leikskólar styrkja eitt barn í SOS barnaþorpi eða styrkja samtökin á annan hátt, t.d. með söfnun. Leikskólarnir fá fræðsluefni fyrir leikskólabörnin á hverju ári og í ár fengu þau fræðslu um Epiópíu.

Fræðsluefnið stuðlar að því að börnin á Sólblómaleikskólum öðlist þekkingu á aðstæðum barna í öðrum löndum. Börnin fræðast um önnur lönd

og aðra menningarheima og læra hversu mikilvægt það er að bera virðingu fyrir öðrum þó svo að lífnaðarhættir og aðstæður séu öðruvísi en þau þekkja í sínu umhverfi.

Á hverju ári fá leikskólarnir send til sín sólblómafræ til að sá. Sólblómin eru tákn verkefnisins því sólblóm og börn eru ekki svo ólík, bæði þurfa næringu og umönnun til að vaxa og dafna.



Öðruvísi jóladagatal

SOS á Íslandi stóð fyrir Öðruvísi jóladagatali níunda árið í röð. Líkt og síðustu ár stóð dagatalið öllum til boða en var sérstaklega kynnt fyrir grunnskólum landsins. Dagatalið fékk frábærar viðtökur og tóku um 3000 nemendur í rúmlega 60 skólum á landinu þátt. Í ár fengum við styrk frá Utanríkisráðuneytinu til að útbúa þætti um réttindi barna með fötlun. Við útbjuggum handrit að fjórum þáttum í samstarfi við norskan kvikmyndatökumann sem hélt til Nepal og tók upp þættina í SOS barnaþorpinu í Jorpati. Þættirnir voru hluti af jóladagatalinu. Auk Nepal fengum við líka að kynnast börnum frá Kósovó, Tansaníu, Egyptalandi, Víetnam, Indlandi og Simbabve. Samhliða dagatalinu fórum við af stað með söfnun sem börnin gátu tekið þátt í en öll framlög sem söfnuðust fara í fjölskylduefningu SOS Barnaþorpanna í Rúanda.

Stappað fyrir friði

Í ár tókum við þátt í alþjóðlegri herferð SOS Barnaþorpanna, „Stappað fyrir friði“, sem hrundið var af stað í tengslum við 35 ára afmæli Barnasáttmálans. Markmið herferðarinnar var að útvega börnum vettvang til að láta rödd sína heyrast og krefjast friðar og verndar fyrir börn á stríðshrjáðum svæðum. Ísland var meðal 38 aðildarlanda samtakanna sem tók þátt í herferðinni. Fulltrúar Íslands í herferðinni voru börn úr 7. bekk Hlíðarskóla sem stöppuðu fyrir friði í alþjóðlegu myndbandi og tvö börn úr 7. bekk Hofsstaðaskóla, Bóas og Húgrún, sem sögðu frá hugleiðingum sínum um stríð. Afraksturinn var myndband sem sýnt var í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York á degi barnsins. Sendiráðunautur í fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, William Freyr Huntingdon-Williams, sat viðburðinn í New York og sagði hann hafa verið vel sóttan.

Framlög barna og ungmenna

Á hverju ári styrkja börn á Íslandi samtökin með ágóða af skemmtilega fjölbreyttum fjáröflunarleiðum. Nemendur í Kársnesskóla héldu sinn árlega góðgerðardag á vordögum þar sem þeir söfnuðu rúmlega einni milljón króna fyrir börn í neyð á Gaza. Góðgerðardagurinn er fjáröflunarverkefni þar sem börn safna fyrir börn. Með verkefninu vilja nemendur nýta sköpunarkrafta sína til að láta gott af sér leiða. Það var metnaðarfull dagskráin hjá skólanum í aðdraganda góðgerðardagsins. Fyrst kusu nemendur í 7. bekk með lýðræðislegum hætti hvaða hjálparsamtök þau vildu styrkja að þessu sinni og urðu SOS Barnaþorpin nú fyrir valinu.


Fjármál og lykiltölur

Tekur árið 2024
951,9
milljónir króna

Skipting tekna 2024 í milljónum króna	
Tekjuliður	Fjárhæð
Framlög SOS-foreldra og SOS-fjölskylduvina	483.433.594
Frjáls framlög, fjáraflanir og fyrirtækjasamningar	309.409.163
Opinber framlög	90.800.000
Húsaleigutekjur	3.319.891
Fjármagnstekjur og gengishagnaður/(tap)	65.000.728
SAMTALS	951.963.376

Gjöld árið 2024
769,5
milljónir króna

Skipting gjalda 2024 í milljónum króna	
Gjöld	Fjárhæð
Framlög send úr landi	616.612.911
Stuðningur við verkefni innanlands	508.480
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	152.531.296
SAMTALS	769.652.687



Ítarlegra yfirlit um fjármál SOS Barnaþorpanna á Íslandi má sjá í ársreikningnum sem einnig er aðgengilegur á heimasíðunni sos.is.

9.609



Styrktarbörn
Íslendinga í 107
löndum

10.288



Íslendingar og fyrirtæki
styrktu starf SOS
Barnaþorpanna með
mánaðarlegu framlagi

10.603



Mánaðarlegir
styrkir

22.445



Einstaklingar styrktu SOS
Barnaþorpin á árinu

855 kr



Rekstrarkostnaði
er haldið í lágmarki.
855 krónur af
hverju 1.000 króna
framlagi renna í sjálft
hjálparstarfið.

Fjármál



Rakel Lind Hauksdóttir
Fjármála- og fjárfundunarstjóri
SOS Barnaþorpanna á Íslandi

Ársreikningur er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og endurskoðandi sam-
takanna er Deloitte. Á vefsíðu okkar er ársreikningur birtur og höfum við gert slíkt til
margra ára í því skyni að tryggja bæði eftirlit og gagnsæi. SOS Barnaþorpin leggja
mikið upp úr gagnsæi í fjármálum og kappkosta að upplýsa styrktaraðila um alla þætti
starfsins, þ.m.t. hvernig framlögum þeirra er ráðstafað og hve stór hluti þeirra fer í
umsýslu.

Hlutfall skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar á árinu var 16% sem er fyrir neðan viðmið
okkar um 20% þak. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir launakostnaði í tengslum við erlend-
og innlend verkefni nemur kostnaðarhlutfallið 14,5%. Þetta þýðir að á árinu 2024 runnu
855 krónur af hverju eitt þúsund króna framlagi í sjálft hjálparstarfið sem er 12 krónu
hækkun frá fyrra ári.

Þitt framlag

Þegar SOS-foreldri greiðir framlag til SOS Barnaþorpanna ábyrgjumst við að 85% fari í framfærslu barna í
barnaþorpunum okkar. 15% af umsýslukostnaði er m.a. ráðstafað í eftirlit, öflun nýrra styrktaraðila og þjónustu
við núverandi styrktaraðila. Af framlagi SOS-fjölskylduvina fara að lágmarki 80% í fjölskylduefninguna sjálfa en
20% í utanumhald. Ástæðan fyrir hærri umsýslukostnaði í fjölskylduefningu er að eftirlit með þeim verkefnum er
flóknara en þar náum við til fleiri barna á verkefnatímanum.

Bókhald á hverju heimili

Áætlanir eru mikilvægar til að samtökin viti um kostnað í hverju landi
og því þarf hver SOS móðir/faðir í barnaþorpi að gera áætlun um
útgjöld. Þannig vitum við hversu miklu þarf að safna fyrir viðkomandi
fjölskyldu. SOS-foreldrar greiða kostnað við upphald barnanna og
rekstur heimilisins. Allir reikningar sem SOS móðir/faðir greiðir eru
færðir í bókhaldskerfi og þurfa samþykki yfirmanns.

Hvaða leið fer fjármagnið?

Þegar styrktaraðili á Íslandi gefur vilyrði fyrir styrk er framlagið merkt viðkomandi styrktarbarni, barnaþorpi
eða verkefni. Í hverjum mánuði eru upplýsingar um hversu háa upphæð við höfum vilyrði fyrir frá styrktar-
aðilum settar í miðlægt kerfi samtakanna í Austurríki. Barnaþorpin senda upplýsingar um fjárbörf út frá sínum
áætlunum inn í kerfið og eru þessar upplýsingar keyrðar saman. Þegar fjármagnið er komið á bankareikning
SOS á Íslandi er það millifært til alþjóðaskrifstofu SOS Barnaþorpanna innan sex mánaða.

Er hætta á spillingu?

Þrátt fyrir gagnsæi og að ferlar séu til staðar verður hættu á misferli ekki útrýmt. En með öllum þeim að-
gerðum sem framkvæmdar eru, er verið að lágmarka áhættu eins og kostur er. Í síðareglum SOS Barna-
þorpanna er skýrt tekið fram að spilling verður aldrei liðin innan samtakanna. Við störfum m.a. í löndum
þar sem spilling er hluti af efnahagskerfinu og jafnvel hluti af menningunni. Slíkt flækir störf samtakanna
þar sem við gerum ríka kröfu um heiðarleika. Tækni framfarir hafa gert okkur kleift að rekja framlögin betur en
áður, í hvert barnaþorp og til hvers barns. Við höfum lent í því að skrifræðið hefur hægt á umbótum en þrátt
fyrir það höldum við okkar striki og gefum engan afslátt af eftirliti.

“
Hlutfall skrifstofu- og stjórnunar-
kostnaðar á árinu var 16% sem
er fyrir neðan viðmið okkar um
20% þak. Þetta þýðir að á árinu
2024 runnu 855 krónur af hverju
eitt þúsund króna framlagi í sjálft
hjálparstarfið sem er 12 krónu
hækkun frá fyrra ári.

SOS fólkið á Íslandi 2024

Starfsemi SOS Barnaþorpanna á Íslandi miðar að því að afla styrktaraðila fyrir hjálparstarf samtakanna í yfir 130 löndum í Mið- og S-Ameríku, Afríku, Asíu og A-Evrópu. Einnig er þjónusta við styrktaraðila stór og mikilvægur þáttur í starfseminni hér á landi. Á skrifstofu SOS á Íslandi starfa átta manns, fjórir í fullu starfi og fjórir í hlutastörfum. Stöðugildi hjá SOS Barnaþorpunum voru að meðaltali 6,1 á árinu 2024.

Á árinu bættist við nýr starfsmaður í fjáröflun sem lét þó af strörfum nokkrum mánuðum síðar. Þá hætti annar tveggja þjónustufulltrúa eftir níu ár í starfi og fengum við nýjan í hans stað. Engar aðrar breytingar urðu.

Ráðgjafahópur ungmenna

Á starfsárinu var gerð breyting á ungmennaráði SOS. Ekki er lengur um að ræða ungmennaráð sem hittist mánaðarlega heldur ráðgjafahóp ungmenna sem samtökin geta leitað til eftir þörfum. Ungmennin eru talsmenn yngri kynslóðarinnar en geta einnig komið með hugmyndir og haft frumkvæði að nýjum verkefnum.

Fyrirtækjaráð

Fyrirtækjaráð kom í fyrsta skipti saman á árinu en útfærslu á starfi ráðsins var frestað fram á haust 2025. Meðlimir ráðsins munu veita SOS Barnaþorpunum faglega ráðgjöf í tengslum við fyrirtækjasamstarf.

SOS-aðildarfélagar

Lagabreyting tók gildi hjá SOS Barnaþorpunum á Íslandi árið 2022 sem gerir styrktaraðilum kleift að skrá sig sem féлага í samtökunum. Félagar greiða 2.500 króna árgjald og öðlast rétt til að sitja aðalfundi, bjóða sig fram til stjórnar og kjósa á aðalfundi. Breytingin fól m.a. í sér að fulltrúaráð SOS var lagt niður og hafa aðildarfélagar nú tekið yfir hlutverk þess. Aðildarfélagar SOS Barnaþorpanna á Íslandi voru 165 talsins í árslok.

Tilnefningarnefnd

Tilnefningarnefnd var sett á laggirnar á árinu 2023. Stjórn SOS Barnaþorpanna á Íslandi velur þrjá einstaklinga til setu í tilnefningarnefnd samtakanna. Einn þeirra skal vera úr stjórn samtakanna en hinir tveir utan stjórnar og óháðir bæði stjórn og stjórnendum. Tilgangur nefndarinnar er að tilnefna einstaklinga til aðal- og varamanna í stjórn samtakanna, með hagsmuni samtakanna að leiðarljósi. Stjórn samtakanna skal setja tilnefningarnefnd starfsreglur. (í samræmi við grein 7.9 í samþykktum SOS)

(í samræmi við grein 7.9 í samþykktum SOS).

Starfsfólk (6,1 stöðugildi):

Framkvæmdastjóri Ragnar Schram	Þjónustufulltrúi Ólöf Harpa Halldórsdóttir	Sérfræðingur í 54% starfi Helga Bára Bragadóttir
Fjármála- og fjáröflunarstjóri Rakel Lind Hauksdóttir	Þjónustufulltrúi í 60% starfi Auður Ösp Gylfadóttir	Bókari í 10% starfi Sigurlaug Halldórsdóttir
Upplýsingafulltrúi Hans Steinar Bjarnason	Fræðslufulltrúi í 50% starfi Hjördís Rós Jónsdóttir	Verktaki, kerfisfræðingur Þorsteinn Garðarsson

Stjórnarmeðlimir:

Kristján Þ. Davíðsson - formaður
Þorsteinn Arnórsson
Ólafur Örn Ingólfsson
Ingibjörg E. Garðarsdóttir
Anna Bjarney Sigurðardóttir
Svala Ísfeld Ólafsdóttir - varamaður

Ráðgjafahópur ungmenna:

Anna Lára Fosssdal
Brynhildur Anna Gunnarsdóttir
Embla Guðmundsdóttir
Katrín María Ragnarsdóttir
Thelma Dórey Pálmadóttir
Thelma Ósk Eiríksdóttir

Velgjörðasendiherrar SOS Barnaþorpanna á Íslandi

Eliza Reid	Hera Björk Þórhallsdóttir
Eva Ruza Miljevic	Rúrik Gíslason

Fyrirtækjaráð:

Inga Lind Karlsdóttir
Marín Magnúsdóttir

Tilnefningarnefnd:

Hildur Hörn Daðadóttir
Ingibjartur Jónsson
Anna Bjarney Sigurðardóttir

A photograph of several children playing on a large, colorful ball (red, blue, yellow) outdoors. One boy stands on top of the ball, wearing a red jersey with 'CIPER' and blue shorts. Other children are climbing or standing around the ball. The background shows trees and a clear sky.

TAKK

22.445 ÍSLENDINGAR
og **542** fyrirtæki
fyrir stuðninginn árið **2024**



**SOS
BARNAPÖRPIN**